

málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Halldór Hávarðsson greiði og allan áfrýjunarkosnað málsins, þar með talin málflytningu til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 23. marzmánaðar.

Nr. 40/1907:

Sólborg Oddsdóttir

gegn

Friðrik Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Í barnsfaðernismáli, er áfrýjandinn ekkjan Sólborg Oddsdóttir á Akureyri höfðaði fyrir lögreglurétti Akureyrarkaupstaðar gegn hinum stefnda úrsmið Friðrik Þorgrímssyni, til þess að fá hann skyldaðan með dómi til að greiða árlegt meðlag með barni hennar, Karli Friðrik, fæddum 19. sept. 1906, er hún hefir lýst stefnda föður að, og að minsta kosti helming af barnsfararkostnaði, var dómur kveðinn upp í nefndum rétti 4.

apríl f. á. með þeim úrslitum, að ef stefndi synjaði fyrir það með eiddi að hafa haft holdlegt samræði við áfryjanda á tímabilinu frá 1. des. 1905 til 22. jan. 1906, skyldi hann vera sýkn af kröfum hennar í málinu; en ynni hann eigi eiddinn, skyldi hann greiða ársmeðlag með umræddu barni, svo og barnsfararkostnað, hvortvegja eftir yfirvaldsúrskurði.

Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. sept. f. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfærslumann. Hefir þess verið kræfist af hennar hálfu fyrir yfirdómi, að dómnum verði breytt þannig, að áfryjandi fái að útkljá málið með eiddi sínum, svo, að stefndi, ef hún vinnur eiddinn, verði skyldaður til að greiða lín umkröfðu meðlög og barnsfararkostnað, og málskostnað fyrir undirrétti, svo og málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflytningu-laun til hins skipaða málsfærslumanns hennar, en til vara verði málflytningu-launin greidd af almannafé. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdóms.

Stefndi hefir neitað því, að hann hafi haft samræði við áfryjandann á þeim tíma, að hann geti verið faðir að ofangreindu barni hennar, Karli Friðrik er fæddist 19. sept. 1906 og áfryjandi hefir lýst hann föður að. Málsaðilar eru þó sammála um það, að kunningsskapur hafi tekist milli þeirra nokkuru eftir að áfryjandi varð ekkja og þau þá haft samræði saman nokkrum sinnum árin 1903 og 1904, en svo hafi hlé orðið á samförum þeirra þangað til seint á árinu 1905 eða snemma á árinu



1906. Þá hafi þau haft samræði saman tvívegis með fárra daga millibili og stefndi hafi komið í bæði skiftin heim til áfryjanda, í fyrri skiftið til að taka við úri hjá henni til aðgerðar, en í síðara skiftið til að skila því. Um það, hvenær þetta nánara hafi gjörst, er aftur ágreiningur milli málsaðila. Stefndi heldur því fram, að það hafi verið 23. jan. 1906 sem hann tók við úrinu til aðgerðar og 28. jan. sem hann skilaði því aftur, og geti barnið eigi verið komið undir svo seint, enda hefir héraðslækni vottað, að þar sem barnið var að öllu fullburða er það fæddist, 19. sept. 1906, áltíti hann það »afar-ósennilegt« og »því sem næst ómögulegt, að það hafi verið getið 23. jan. 1906«. Áfryjandinn hefir aftur á móti fullyrt, að umræddir samfundir þeirra málsaðila og samræði hafi átt sér stað í desembermán 1905, 2 eða 3 vikum fyrir jól, án þess hún geti tilgreint nánara hvaða dag það hafi verið, og með því að hún hafi eigi haft nein slík mök við neinu annan karlmann en stefnda á þeim tíma, er barn þetta hafi getað komið undir, hljóti það að vera ávöxtur af því samræði örðuhvoru, er þá hafi átt sér stað. Þessi skýrsla áfryjanda kemur heim við framburð nokkurra vitna, er borið hafa um atvik þau, er málsaðilar hafa miðað við samfundi sína í þessi skifti, og þó að vitnisburðir þeir séu nokk-óákveðnir, flestir þeirra, þar sem vitnin ekki þora að fulltreysta minni sínu, þá ber hins vegar að líta á það, að eftir ádurgreindri vottun héraðslæknis verður það ekki talið ómögulegt að barnið geti verið komið undir 23. jan. 1906, þann dag, er stefndi hefir kannast við að hafa haft samræði við áfryjanda, og er þá eigi stefnda óréttur gjör þótt tekin sé til greina krafa áfryjanda hér

fyrir réttinum um að hún fái að útkljá málið með eidi sínum á þann hátt, er hún hefir krafist, og ber því að breyta lögregluréttardóminum samkvæmt því. Málskostnaður virðist eiga að falla niður. Málflutningskaup hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, er ákveðist 20 krónur, greiðist af almannafé, og vottast það, að málsfærslan af hans hendi hefir verið óaðfínanleg.

#### Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega sem áfrýjandinn ekkjan Sólborg Ólafsdóttir innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa vinnur eið að því, eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi, að stefndi úrsmiður Friðrik Þorgrímsson hafi haft holdlegt samræði við hana á tímabilinu frá 1. des. 1905 til 22. jan. 1906, ber stefnda að greiða henni ársmeðlag með barni hennar, Karli Friðrik, fæddum 19. sept. 1906, og barnsfararkostnað, hvorttveggja eftir yfirvaldsúrskurði. En vinni hún eigi eið þennan, á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu. Málskostnaður fellur niður, og málflutningskaup hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmanns Eggerts Claesen, 20 krónur, greiðist af almannafé.